

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 237/2019

frá 27. september 2019

um breytingu á IX. viðauka við EES-samninginn (Fjármálaþjónusta)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/63 frá 21. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 38.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/860 frá 4. febrúar 2016 um nánari tilgreiningu á aðstæðum þar sem nauðsynlegt er að veita undanþágu frá beitingu heimilda til niðurfærslu eða umbreytingar skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 frá 23. mars 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina inntak endurreisnaráætlana, skilaáætlana og skilaáætlana samstæðu, lágmarksviðmiðanir sem lögbært yfirvald á að meta að því er varðar endurreisnaráætlanir og endurreisnaráætlanir samstæðu, skilyrði fyrir fjárstuðningi við samstæðu, kröfur um óháða matsaðila, samningsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, málsmeðferðir við og inntak tilkynningarskyldu og tilkynningu um tímabundna frestun og rekstrarlega starfsemi skilaráðanna ⁽³⁾, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 205, 30.7.2016, bls. 27.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1400 frá 10. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina lágmarksatriði áætlunar um endurskipulagningu starfsemi og lágmarksinnihald skýrslna um framvindu framkvæmdar áætlunarinnar ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1434 frá 14. desember 2015 um leiðréttingu á framseldri reglugerð (ESB) 2015/63

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 44.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 144, 1.6.2016, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 184, 8.7.2016, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 228, 23.8.2016, bls. 1.

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar ⁽⁵⁾.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450 frá 23. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem varða aðferðafræðina við að ákvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1066 frá 17. júní 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur, stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaáætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB ⁽⁷⁾.
- 8) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 19b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„19ba. **32015 R 0063**: Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/63 frá 21. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar framlög greidd fyrirfram til fjármögnunarfyrirkomulags vegna skilameðferðar (Stjtið. ESB L 11, 17.1.2015, bls. 44), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 38, breytt með:

– **32016 R 1434**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1434 frá 14. desember 2015 (Stjtið. ESB L 233, 30.8.2016, bls. 1).

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 2. mgr. 4. gr. orðast „31. desember 2024“ hvað EFTA-ríkin varðar sem „31. desember 2027“.
- b) Hvað EFTA-ríkin varðar, að Liechtenstein undanskildu, orðast 1. til 4. mgr. 20. gr. sem hér segir:

„Umbreytingarákvæði

1. Þegar upplýsingarnar sem sérstakur vísir krefst, eins og um getur í II. viðauka, eru ekki innifaldar í gildandi kröfu um skýrslugjöf um eftirlit sem um getur í 14. gr.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 233, 30.8.2016, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 237, 3.9.2016, bls. 1.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 181, 6.7.2016, bls. 1.

fyrir viðmiðunarárið, skal ekki beita þeim áhættuvísi fyrr en krafan um skýrslugjöf um eftirlit kemur til framkvæmda. Vægi annarra tiltækra áhættuvísa skal taka hlutfallslegum breytingum á vægi eins og kveðið er á um í 7. gr. svo að summa vægis þeirra sé 1. Viðkomandi lánastofanir skulu, á því ári sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 tekur gildi, ef engar af upplýsingunum sem krafist er í 16. gr. eru tiltækar í innstæðutryggingakerfinu innan sex mánaða frá gildistöku ákvörðunarinnar, að því er varðar útreikning árlega viðmiðunarmarksins, sem um getur í 2. mgr. 4. gr., eða árlegs grunnframlags hverrar stofnunar sem um getur í 5. gr., eftir tilkynningu frá innstæðutryggingakerfinu, láta skilavöldunum í té þær upplýsingar fyrir þá dagsetningu. Skilavöldin skulu, þrátt fyrir 1. mgr. 13. gr. að því er varðar framlög sem greiða á, á því ári sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 tekur gildi, tilkynna hverri stofnun um ákvörðun sína sem ákvarðar árlegt framlag sem þær eiga að greiða eigi síðar en innan níu mánaða frá gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019.

2. Þrátt fyrir 4. mgr. 13. gr., og að því er varðar framlög sem greiða á, á því ári sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 tekur gildi, skal greiða fjárhæðina sem fellur á gjalddaga samkvæmt ákvörðuninni sem um getur í 3. mgr. 13. gr. eigi síðar en 31. desember það ár, eða innan mánaðar frá tilkynningu um þá ákvörðun, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

3. Þrátt fyrir 4. mgr. 14. gr. og að því er varðar upplýsingarnar sem láta skal skilavöldum í té á því ári sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 tekur gildi skal veita upplýsingarnar sem um getur í þeirri málsgrein eigi síðar en innan sex mánaða frá gildistöku ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. 16. gr. skulu innstæðutryggingakerfin, eigi síðar en 1. september árið eftir það ár sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 tekur gildi, láta skilavaldinu í té upplýsingarnar um fjárhæð tryggðra innstæða frá og með 31. júlí það ár, nema innstæðutryggingakerfin hafi veitt upplýsingarnar innan tímarammans sem fram kemur í 1. mgr. 16. gr.“

c) Hvað EFTA-ríkin varðar skal 5. mgr. 20. gr. hljóða svo:

„5. Með fyrirvara um 10. gr. þessarar reglugerðar er EFTA-ríkjunum heimilt, til 31. desember 2026, að leyfa stofnunum með heildareignir sem eru jafnar eða minni en 3 000 000 000 evrur, að greiða 50 000 evra eingreiðslu fyrir fyrstu 300 000 000 evrur af heildarskuldum, neikvæðu eigin fé og tryggðum innstæðum. Stofnanir þessar skulu leggja af mörkum í samræmi við 4.-9. gr. þessarar reglugerðar fyrir heildarskuldir, neikvætt eigið fé og tryggðar innstæður sem eru hærri en 300 000 000 evrur.“

d) Hvað EFTA-ríkin varðar hljóðar önnur mgr. 21. gr. sem hér segir:

„Hún gildir frá 1. janúar árið á eftir því ári sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 237/2019 frá 27. september 2019 tekur gildi.“

- 19bb. **32016 R 0860:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/860 frá 4. febrúar 2016 um nánari tilgreiningu á aðstæðum þar sem nauðsynlegt er að veita undanþágu frá beitingu heimilda til niðurfærslu eða umbreytingar skv. 3. mgr. 44. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja (Stjtið. ESB L 144, 1.6.2016, bls. 11).
- 19bc. **32016 R 1066:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1066 frá 17. júní 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar verklagsreglur, stöðluð eyðublöð og sniðmát fyrir tilhögun upplýsingamiðlunar að því er varðar skilaáætlanir fyrir lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB (Stjtið. ESB L 181, 6.7.2016, bls. 1).
- 19bd. **32016 R 1075:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 frá 23. mars 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina inntak endurreisnaráætlana, skilaáætlana og skilaáætlana samstæðu, lágmarksviðmiðanir sem lögbært yfirvald á að meta að því er varðar endurreisnaráætlanir og endurreisnaráætlanir samstæðu, skilyrði fyrir fjárstuðningi við samstæðu, kröfur um óháða matsaðila, sammingsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, málsmeðferðir við og inntak tilkynningarskyldu og tilkynningu um tímabundna frestun og rekstrarlega starfsemi skilaráðanna (Stjtið. ESB L 184, 8.7.2016, bls. 1), sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 205, 30.7.2016, bls. 27.

Ákvæði framseldu reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í d-lið 7. mgr. 22. gr. er orðunum „þegar hún verður tekin upp í EES-samninginn“ bætt við á eftir orðunum „2. mgr. 45. gr. tilskipunar 2014/59/ESB“, hvað EFTA-ríkin varðar.
- b) Í 43. gr. orðast „lögum Sambandsins“ og „gildandi lögum Sambandsins“ hvað EFTA-ríkin varðar sem „EES-samningnum“.
- c) Í 4. mgr. 70. gr., c-lið 1. mgr. 74. gr., e-lið 2. mgr. 80. gr., c-lið 1. mgr. 84. gr., e-lið 1. mgr. 90. gr., c-lið 1. mgr. 95. gr. og c-lið 4. mgr. 105. gr. er orðunum „og eftir því sem við á, ákvæði EES-sammingsins“ bætt við á eftir orðunum „innlend lög“.
- d) Í c-lið 2. mgr. 74. gr., c-lið 2. mgr. 84. gr. og c-lið 2. mgr. 95. gr. orðast „lög Sambandsins og innlend lög“ hvað EFTA-ríkin varðar sem „ákvæði EES-sammingsins og innlend lög“.
- e) Í c-lið 1. mgr. 75. gr., c-lið 1. mgr. 85. gr. og c-lið 1. mgr. 96. gr. er orðunum „eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á“ bætt við á eftir orðunum „Evrópska bankaftirlitsstofnunin“.

- 19be. **32016 R 1400**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1400 frá 10. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina lágmarksatriði áætlunar um endurskipulagningu starfsemi og lágmarksinnihald skýrslna um framvindu framkvæmdar áætlunarinnar (Stjtið. ESB L 228, 23.8.2016, bls. 1).
- 19bf. **32016 R 1450**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1450 frá 23. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem varða aðferðafræðina við að ákvarða lágmarkskröfu um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (Stjtið. ESB L 237, 3.9.2016, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldra reglugerða (ESB) 2015/63, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 156, 20.6.2017, bls. 38, (ESB) 2016/860, (ESB) 2016/1075, sbr. leiðréttingar í Stjtið. ESB L 205, 30.7.2016, bls. 27, (ESB) 2016/1400, (ESB) 2016/1434 og (ESB) 2016/1450 og framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2016/1066, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 28. september 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram (*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/2018 frá 9. febrúar 2018 (^s), eftir því hvor dagsetningin er síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. september 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

(^s) Stjtið ESB L 323, 12.12.2019, bls. 41, og EES-viðbætur nr. 98, 12.12.2019, bls. 38.